



## Fundargerð

### 45. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn í fjarfundarkerfi Zoom, miðvikudaginn 18. ágúst 2021, kl. 08:30.

#### Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Jóhann Gíslason og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

#### 1. Kynning á starfsemi NPA Setri Suðurlands - 2106022

Fulltrúar NPA Seturs Suðurlands, þær Hafdís Bjarnadóttir og Inga Sveinbjörg Ásmundsdóttir, mættu á fund hreppsnefndar Ásahrepps og kynntu starfsemi félagsins.

*Umræða varð um starfsemi félagsins. Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar fulltrúum NPA setursins fyrir greinargóðar upplýsingar. Hafdís og Inga yfirgáfu fundinn í lok þessa dagskrárliðar.*

#### 2. Fundargerð 221. fundar skipulagsnefndar UTU - 2108003

Lögð fram fundargerð 221. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 21-146.

*Mál nr. 1; Efriás L230349; Deiliskipulag - 2107032.*

*Lögð er fram umsókn frá Z-Garðinubrautum ehf er varðar nýtt deiliskipulag að Efriás L230349. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir byggingu íbúðarhúss, þriggja gestahúsa og úthúss/skemmu.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Auglýsing skipulagsins verði sérstaklega kynnt eigendum aðliggjandi landeigna.*

*Mál nr. 34; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 21-146 - 2107001F.*

*Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa 21-146 lögð fram til kynningar.*

#### 3. 217. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu - 2108002

Lögð fram fundargerð 217. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, ásamt tillögu að nýrri gjaldskrá í kjölfar hækkana hjá þjónustuaðilum.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að staðfesta bókun stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs og samþykkir breytingu á gjaldskrá fyrir sitt leyti. Jafnframt er hreppsnefnd Ásahrepps ekki neikvæð fyrir sitt leyti að tekið verði upp klippikortakerfi fyrir fasteignaeigendur í Rangárvallasýslu frá og með næstu áramótum, en óskar eftir nánari útfærslu á framkvæmdinni áður en hún verði samþykkt. Fundargerð að öðru leyti til kynningar.*

#### 4. Fundargerð 12. fundar stjórnar Skógasafns - 2108007

Lögð fram fundargerð 12. fundar stjórnar Skógasafns ásamt ársskýrslu 2020.

*Til kynningar.*

**5. Fundargerð 42. fundar stjórnar Odda bs. - 2108008**

Lögð fram fundargerð 42. fundar stjórnar Odda bs.

*Til kynningar.*

**6. Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs á vestursvæði - 2106026**

Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 23. júní 2021, lagt fram að nýju, en málinu var frestað á 44. fundi hreppsnefndar og óskað eftir frekari gögnum.

*Þar sem frekari gögn hafa ekki borist eins og hreppsnefnd óskaði eftir þá frestar hreppsnefnd Ásahrepps að taka málið fyrir efnislega, eða þar til að frekari gögn hafa borist.*

**7. Athugasemdir við tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Ásahrepps - 2108001**

Lagðar fram athugasemdir Samtaka útivistarfélaga, dags. 25. júní 2021, við tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Ásahrepps.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa þessum athugasemdum til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps. Sveitarstjóri hefur þegar sent athugasemdirnar á skipulagsráðgjafa og skipulagsfulltrúa.*

**8. Reglur um lækkun og niðurfellingu dráttarvaxta á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði - 2108004**

Lagt fram tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. júlí 2021, ásamt drögum að reglum um lækkun og niðurfellingu dráttarvaxta á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ekki sé ástæða fyrir Ásahrepp að svo komnu máli að setja á slíkar reglur.*

**9. Bæjarmerkingar með Ásvegi; svæðisskilti - 2106021**

Lagt fram tölvuskeyti Vegagerðarinnar þar sem bent er á að upplýsingaskilti neðan Landvegamáta veitir ekki upplýsingar um ný íbúðarhús / nýbýli í Ásahreppi. Það miklar viðbætur hafa verið er varðar byggð með Ásvegi að ekki er unnt að koma því inn á núverandi skilti. Ef gera skal nýtt skilti með uppfærðum upplýsingum mun það vera á kostnað sveitarfélaganna.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að skiltið verði endurnýjað fyrir sitt leyti og eiga skal samráð við Rangárþing ytra um endurnýjun skiltisins.*

**10. Ákvörðun um fyrirkomulag stjórnarsýslu Ásahrepps vegna Covid-19. - 2101016**

Ákvörðun um fyrirkomulag hreppsnefndarfundar í septembermánuði.

*Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps samhljóða að næsti fundur verði fjarfundur, þar sem heimild hefur verið gefin fyrir því fyrirkomulagi hreppsnefndafunda til 1. október 2021.*

**11. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gistingu; Hellatún - 2108010**

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 8. júlí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar Lindutúns ehf (kt: 700718-0340), Hellatúni, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II-C.

*Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki*

*athugasemdir við að rekstrarleyfi verði veitt.*

**12. Hugmyndir um upplýsingamiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs í Hrauneyjum - 2108005**

Lagðar fram til upplýsinga hugmyndir Vatnajökulsþjóðgarðs um upplýsingamiðstöð í Hrauneyjum.

*Til kynningar.*

**13. Auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga - 2108006**

Lögð fram auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga. Með þessu er heimild veitt til að hreppsnefndarfundir, sem og aðrir nefndarfundir, verði haldnir í fjarfundarbúnaði. Heimild gildir til 1. október 2021.

*Til kynningar.*

**14. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011**

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps frá 1. janúar 2021 til 31. júlí 2021.

*Til kynningar.*

**15. Íbúafundur vegna tillögu um sameiningu sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu - 2108009**

Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hefur samþykkt á síðasta fundi sínum sem haldinn var föstudaginn 13. ágúst 2021 að íbúafundur verði haldnir í öllum sveitarfélögum í fyrir hluta september n.k. Fundirnir eru staðarfundir en verður jafnframt streymt á netinu.

Rangárþing eystra, 6. september í Hvoli kl. 20:00

Mýrdalshreppur, 9. september í Leikskálum kl. 20:00

Skaftárhreppur, 13. september í Kirkjuhvoli kl. 20:00

Ásahreppur, 14. september að Laugalandi kl. 20:00

Rangárþing ytra, 15. september í íþróttahúsinu Hellu kl. 20:00

*Til kynningar.*

**16. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018**

Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 15. september n.k. og verður haldinn í fjarfundarbúnaði Zoom. Fundur hefst klukkan 8:30.

*Til kynningar.*

Fundi slitið kl. 9:30.

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---

Brynja Jóna Jónasdóttir

---

Egill Sigurðsson

---

Elín Grétarsdóttir

---

Guðmundur Jóhann Gíslason

---

Valtýr Valtýsson

# Undirritunarsíða

sveitarstjóri  
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi  
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Guðmundur Jóhann Gíslason